

1854.  
22. septbr.

**16. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um grepþrun manns er hefur farið sjer sjálfum.**

Maður nokkur hafði veitt sjer sjálfum bana, en hafði eptir sýslumanns-úrskurði verið jarðaður á vanalegan hátt eptir beiðni náunga sinna, og hafði amtmaðurinn borið mál þetta undir stjórnina, og ekki viljað ónýta úrskurð sýslumannsins.

Stjórnin svarar: að hún geti ekki skorið skýrt úr þessu máli, þar eð það vanti fullkomin skýrteini bæði um það, hvernig á stóð, er maðurinn rjeð sjer sjálfum bana, og að hve miklu leyti hinum dána var veitt kristileg grepþrun. Til þess að leiðbeina valdsmönnum í úrskurðum um þess konar mál, sendir hún eptirrit af kanselíbrjefi 3. águst 1833. Þar skýrir nákvæmlega frá því, hvers gæta skal, þegar slíkt vill til. Stjórnin segir enn fremur, að rjettast sje að viðhalda því áliti, sem er byggt á trúnni, hve syndsamlegt það sje að stytta sjer aldur, en að gjöra þó ekki þeim, sem eptir lifa, skapraun að óþörfu, hún álltur að hafa eigi hliðsjón af hugsunarhætti þeim, sem ríkir í ýmsum hlutum ríkisins, þegar beita skal almennum grundvallarreglum, er þess konar mál skulu dæmast eptir; og þar eð hún álltur að á Íslandi hafi haldizt meiri alvöruhefni, í dómum manna um að týna sjer sjálfum, heldur en annarstaðar í ríkinu, eigi valdsstjórnin að gæta þess, að hún ekki gleymi þessum alvarlega skoðunarhætti landsmanna, þegar um slíkt er að dæma, og einkum, að hún slaki ekki meira til, en til er tekið í áður nefndu kanselíbrjefi að mest megi gjöra, nema miklar ástæður sjeu, sem mæli með því.

28. septbr. **17. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um bæjarstjórnina í Reykjavík.**

Einn af bæjarfulltrúunum í Reykjavík hafði borið það undir úrskurð stjórnarráðsins:

1. hvort að bæjarfóetinn, eptir bæjarstjórnar-reglugjörðinni 27. nóvemb. 1846, hefði rjett til að kalla alla bæjarfulltrúa saman



á fundi, stjórna þessum fundum og bóka það sem fram fer, og 1851.  
 2. að hve miklu leyti það sje nóg, að bæjarfóetinn ásamt 28. septbr.

að minnsta kosti þremur bæjarfulltrúunum skrifi undir ávísanir í bæjarsjóðinn, eða sá eða þeir sem hinir fulltrúarnir hafa falið það á hendur, eða, ef engum hefur verið falið það á hendur, hvort að nauðsyn beri til, að allir bæjarfulltrúarnir skrifi undir.

Eptir að stiptamtmaður hafði sagt álit sitt um þetta mál, skar stjórnin úr því á þessa leið:

1. að, þar eð álíta mætti, að bæjarfóeti væri forseti í allri bæjarstjórninni, hefði hann einnig rjett til að kveðja bæjarfulltrúana til funda þeirra, sem þeir, eptir bæjar-reglugjörðinni 27. nóvemb. 1846, geta átt við hann, og eins leiði það af sjálfu sjer, að hann stjórnir umræðunum og bóki það sem fram fer, ef að hann vill gjöra það, að sínu leyti eins og það sem ákveðið er um forstjóra bæjarfulltrúanna í 15. gr. reglugjörðarinnar;

2. að það er álit stjórnarinnar, að það sje nóg, að þeir fulltrúar, sem gjöra einhverja ályktun, er það leiðir af, að ávísun er gjörð í bæjarsjóðinn, skrifi undirhana á samt bæjarfóetanum, fyrst að bæjarfulltrúarnir hafa ekki neytt þess valds, er þeim var veitt í reglugjörðinni 24. nóvember 1846, að velja einn eða fleiri af fulltrúunum til að skrifa undir ávísanir í bæjarsjóðinn. Þess skal og getið, að ályktun er lögmæt eptir 15. gr. reglugjörðarinnar, þegar 3 fulltrúar eru við staddir, eða þegar hún er gjörð með 2 atkvæðum, og leiðir þar af, að ekki er ætíð nauðsynlegt að þrír fulltrúar skrifi undir ávísunina.

## 18. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norð-

ur- og austurumdæminu um sameiningu brauða í 30. septbr.

### Skagafirði.

Kirkju- og kennslustjórnin hefur skýrt þessu stjórnarráði frá, að Hans Hátign konungurinn hafi 25. þessa mánaðar allra-mildilegast fallizt á uppástungu hennar:

1. að leggja megi niður Flugumýrar og Hofstaðabrauð í Skagafjarðarsýslu, þegar það losnar næst, og leggja Flugumýrar-sókn við Miklabæjarbrauð, og Hofstaðasókn til Viðvíkur og Hóla, og